

Önnur sundurliðun gjalda

Í þennan kafla skal færa allar birgðir í upphafi og lok reikningsárs og rekstrarkostnað sem ekki getur myndað stofn til innskatts.

Hver reitur hefur annað hvort plús eða mínus formerki. Fjárhæð sem skráð er í reit með plús formerki fær jákvætt gildi. Fjárhæð sem skráð er í reit með mínusformerki fær neikvætt gildi.

Athugið - Ekki er hægt að breyta formerkjum í reitum með einu formerki, þ.e. þeim reitum sem eru auðkenndir annað hvort með plús eða mínus.

| | | |
|--|---|------|
| Birgðir fullunninna vara í upphafi reikningsárs | + | 3005 |
| Birgðir annarra vara í upphafi reikningsárs | + | 3010 |
| Birgðir fullunninna vara í lok reikningsárs | - | 3015 |
| Birgðir annarra vara í lok reikningsárs | - | 3020 |
| Laun | + | 3030 |
| Dagpeningar | + | 3040 |
| Ökutækjastyrkir | + | 3050 |
| Önnur laun | + | 3070 |
| Reiknað endurgjald | + | 3080 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | + | 3085 |
| Önnur launatengd gjöld | + | 3090 |
| Reiknuð hlunnindi | + | 3100 |
| Gjafir og framlög (þó ekki til stjórnmalaflokka) | + | 3105 |
| Gjafir og framlög til stjórnmalaflokka | + | 3115 |
| Sölugjöld | + | 3120 |
| Fyrningar | + | 3130 |
| Kostnaður skv. rekstraryfirlitum fólksbifreiða | + | 3140 |
| Rekstur fólksbifreiða | + | 3150 |
| Risna og gjafir til viðskiptamanna | + | 3160 |

3005 Birgðir fullunninna vara í ársbyrjun

Undir þennan reit skal færa allar birgðir af **fullnum framleiðsluvörum framleiðslufyrirtækja** í upphafi reikningsárs. Hér færast allar birgðir, hvort sem þær hafa verið myndaðar af liðum sem bera 25,5% vsk., 7% vsk. eða sem eru án virðisaukaskatts.

3010 Birgðir annarra vara í ársbyrjun

Undir þennan reit skal færa allar birgðir í upphafi reikningsárs, aðrar en birgðir fullunninna framleiðsluvara, þ.e. hráefna, rekstrarvara, framleiðsluvara og verka í vinnslu og vara til endursölu. Hér færast allar birgðir, hvort sem þær hafa verið keyptar með 25,5% vsk., 7% vsk. eða sem eru án virðisaukaskatts.

3015 Birgðir fullunninna vara í árslok

Undir þennan reit skal færa allar birgðir af **fullnum framleiðsluvörum framleiðslufyrirtækja** í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og sú sem eignfærð er í reit 5110 *Birgðir fullunninna vara (framleiðslufyrirtækja)* á efnahagshlið *RSK 1.04*. Hér færast allar birgðir, hvort sem þær hafa verið myndaðar af liðum sem bera 25,5% vsk., 7% vsk. eða sem eru án virðisaukaskatts.

3020 Birgðir annarra vara í árslok

Undir þennan reit skal færa allar birgðir í lok reikningsárs, aðrar en birgðir fullunninna framleiðsluvara, þ.e. birgðir hráefna, rekstrarvara, framleiðsluvara og verka í vinnslu og vara til endursölu. Þetta er samanlögð fjárhæð eignfærðra birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á efnahagshlið *RSK 1.04*. Hér færast allar birgðir, hvort sem þær hafa verið keyptar með 25,5% vsk., 7% vsk. eða sem eru án virðisaukaskatts.

Almennt um laun

Á *RSK 1.04* skulu laun og launatengdur kostnaður talin fram og sundurliðuð með þeim hætti sem reitir framtalsins gefa til kynna, án tillits til þess hvar í rekstrinum þau hafa fallið til eða hvort þau hafa verið gjaldfærð eða eignfærð.

Launaliðir á *RSK 1.04* eiga að vera í samræmi við það sem gefa skal upp á launamiðum, þ.m.t. hvers konar reiknuð hlunnindi. Þessi framsetning getur valdið því að misræmi verði milli framtals og ársreiknings sem *RSK 1.04* er byggt á, t.d. vegna þess að laun hafa verið eignfærð í ársreikningnum eða að gjaldfærsla launa er þar miðuð við áfallinn kostnað, s.s. áunnin réttindi orlofs, eftirlauna og lífeyris. Í þeim tilvikum skulu gerðar leiðréttingar í reitum 3170, 3180 eða 3290 eftir atvikum, til að ná samræmi við ársreikning.

Pegar gjaldfærsla þessara liða er ekki í samræmi við skattalög þarf auk þess að leiðrétta tekjuskattsstofninn í reitum 4310 til 4391 (á framhaldsblaði *RSK 4.14*).

Sjá almennt um *Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings* efst á bls. 22 og *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara breytinga í sundurliðunartöflu framtalsins.

3030 Laun

Í þennan reit skal færa öll laun, þ.e. þau laun sem færa ber í reit 02 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launmiða. Sjá bakhlið launamiðaeýðublaðs *RSK 2.01*.

3040 Dagpeningar

Í þennan reit skal færa dagpeningagreiðslur til launamanna, sem ber að færa í reit 17 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða.

3050 Ökutækjastyrkir

Í þennan reit skal færa ökutækjastyrki, sem ber að færa í reit 16 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða.

3070 Önnur laun

Í þennan reit skal færa aðrar greiðslur til launamanna en þær sem færðar skulu í aðra reiti. Hér með eru taldar hvers konar greiðslur sem ganga beint til launamanns, s.s. vegna ýmiss útlagðs kostnaðar hans, sem skv. eðli sínu skal ekki færa annars staðar.

3080 Reiknað endurgjald

Í þennan reit skal færa reiknað endurgjald vegna vinnu manns við eigin atvinnurekstur og fyrir vinnu maka eða barna innan 16 ára aldurs við atvinnureksturinn. Hér færast einnig reiknað endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi í samrekstri með öðrum eða vegna lágmarkslauna manns sem starfar hjá lögaðila, sameignarfélagi, hlutafélagi eða öðru félagi, sem hann er tengdur vegna eignar- eða stjórnumaraðildar.

3085 Mótframlag í lífeyrissjóð

Hér færast mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð starfsmanna. Athugið að öll tillög í lífeyrissjóð (þ.e. hlutur launagreiðanda) færast hér, en ekki í reit 3090.

3090 Önnur launategnd gjöld

Í þennan reit skal færa útgjöld vegna launamanna, önnur en mótframlag í lífeyrissjóð, sem reiknast af launum eða á annan hátt miðast við laun. Hér á meðal eru t.d. tillög til sjúkra-trygginga, tryggingagjald og önnur hliðstæð gjöld.

3100 Reiknuð hlunnindi

Í þennan reit skal færa hlunnindi, sem reikna ber launamönnum til tekna skv. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og sem ríkisskattstjóri hefur metið til verðs skv. 118. gr. skattalaga. Hér er t.d. um að ræða bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi, húsnæðishlunnindi og fatahlunnindi.

3105 Gjafir og framlög (þó ekki til stjórnmalaflokka)

Í þennan reit skal færa allar gjafir og framlög til menningarmála, líknarstarfsemi o.fl. Athugið að gjafir og framlög til stjórnmalaflokka eða frambjóðenda skal færa í reit 3115. Risnu og gjafir til viðskiptamanna skal færa í reit 3160. Ef gjaldfærsla gjafa og framlaga er umfram þau mörk sem fram koma í 2. tl. 31. gr. skattalaga, þá skal gera leiðréttingu í reit 4160.

3115 Gjafir og framlög til stjórnmalaflokka

Í þennan reit skal færa allar gjafir og framlög sem tengjast stjórnmalastarfsemi, hvort heldur sem er til stjórnmalaflokka eða einstakra frambjóðenda. Í þennan reit geta því t.d. færst:

- Bein framlög til stjórnmalaflokka (eða einstakra félaga/deilda á þeirra vegum).
- Styrktarlínur í málöggn/flokksblöð.
- Styrkir til frambjóðenda vegna prófkjöra.

Ef gjaldfærsla gjafa og framlaga er umfram þau mörk sem fram koma í 2. tl. 31. gr. skattalaga, þá skal gera leiðréttingu í reit 4160.

3120 Söluþap

Hér skal færa tap af seldum eignum á árinu skv. ársreikningi, öðrum en hlutabréfum.

Bent skal á að upplýsingar um sölu rekstrarfjármuna og annarra eigna ber að færa í eignaskrá RSK 4.01.

Tap af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa hér. Ef söluþapið hefur í ársreikningi verið fært meðal óreglulegra gjalda þarf líka að setja það í reit 3671 og leiðréttu í reit 3290. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.

3130 Fyrningar

Í þennan reit skal færa fyrningar eigna skv. ársreikningi. Ef gjaldfærsla fyrninga í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, skal leiðréttu hana í reit 4060.

3140 Kostnaður skv. rekstraryfirlitum fólksbifreiða

Í þennan reit skal færa kostnað vegna fólksbifreiða, sem bæði eru notaðar í eigin þágu og í þágu atvinnurekstrar. Bifreiðakostnaði skal skipt milli einkanota og atvinnurekstrar í samræmi við reglur sem koma fram á eyðublaði RSK 4.03. Hér færast því aðeins sá hluti kostnaðar sem stafar af atvinnurekstri.

Yfirliti yfir rekstur og kostnað hvernar einstakrar fólksbifreiðar, þ.e. eyðublaði RSK 4.03, skal skila með skattframtali.

3150 Rekstur fólksbifreiða

Í þennan reit skal færa allan kostnað vegna fólksbifreiða sem eingöngu eru notaðar í atvinnurekstri, annan en fyrningar og fjármagnskostnað. Hér getur bæði verið um að ræða kostnað vegna leigðra fólksbíla (s.s. frá bílaleigu) og fólksbíla í eigu rekstraraðilans sjálfs. Um getur verið að ræða bensín, olíu, tryggingar, viðhald, skatta o.s.frv. Undir þennan lið fellur hvorki aðkeyptur akstur, sem færast í reit 2290 og/eða 2300, né leigugreiðslur vegna fjármögnunarleigu, sem færast í reit 2390 og/eða 2400. Auk færslu í þennan reit getur í sumum tilfellum þurft að skila inn eyðublaðinu RSK 4.09 – Greinargerð um fólksbifreiðar.

Ef rekstur framteljanda felst í rekstri fólksbifreiða, s.s. leigubifreiða, bifreiða í bílaleigu o.s.frv., skal rekstrar-kostnaði þeirra skipt niður á einstaka reiti RSK 1.04 eftir tegund, en ekki færast í þennan reit.

3160 Risna og gjafir til viðskiptamanna

Í þennan reit skal færa kostnað vegna risnu og gjafa til viðskiptamanna.

Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings

Fjárhæð í reit 3990 *Hagnaður/tap skv. ársreikningi* á að vera samhljóða niðurstöðutölu rekstrar í ársreikningi. Ýmsir liðir skulu á hinn bóginn taldir fram með sérstökum hætti á **RSK 1.04**, í sumum tilvikum án tillits til þess hvernig sömu liðir eru færðir í ársreikningi, og hvort sem þeir hafa þar verið gjaldfærðir eða eignfærðir. Þannig skulu tapaðar kröfur taldar fram með sérstökum hætti, auk þess sem laun hvers konar, reiknuð hlunnindi, launatengd gjöld og aðkeypt vinna verktaka til endursölu skulu talin fram með sama hætti og á launamiðum. Af þessum sökum getur orðið misræmi á milli ársreiknings og **RSK 1.04** og skal það leiðrétt í þessum kafla.

Reitir í þessum kafla eru merktir með bæði plús og mínus formerki. Færa þarf formerki sérstaklega fremst í reitinn, ef um mínustölu er að ræða.

Varðandi það misræmi sem kann að vera milli hagnaðar/taps skv. ársreikningi (í reit 3990) og skv. skattalögum vísast í kaflann *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

Gera skal grein fyrir sundurliðun leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.

| | | | | |
|--|---|-----|------|----------|
| Leiðrétting á launaliðum m.t.t. ársreiknings | * | +/- | 3170 | N re |
| Eignfærð rekstrargjöld | * | +/- | 3180 | N re |
| Leiðrétting á kröfum og ábyrgðum m.t.t. ársreiknings | * | +/- | 3190 | N re |
| Aðrar leiðréttingar rekstrargjalda m.t.t. ársreiknings | * | +/- | 3290 | Sk ni ós |
| Rekstrargjöld samtals Samtala reita 2990 til 3290 | * | = | 3590 | Fé |
| Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld Mismunur reita 1090 og 3590 | * | = | 3600 | Á s |
| | | | 3610 | |

3170 Leiðrétting á launaliðum m.t.t. ársreiknings

Hér skal færa leiðréttingar á launaliðum, reiknuðum hlunnindum og launatengdum gjöldum vegna mismunar milli ársreiknings og *RSK 1.04*. Mismunur getur m.a. verið til kominn vegna launa sem eru eignfærð, reiknaðra hlunninda sem ekki eru í ársreikningi, áunnins en ógreidds orlofs, hækkunar eftirlaunaskuldbindinga og áunninna en ógreiddra eftirlauna. Einnig getur verið um mismun að ræða sem stafar af því að upphaf og lok launatímabils og rekstrarárs fara ekki saman, eða vegna arðs sem fara skal með sem laun skv. 1. mgr. 11. gr. skattalaga.

Ef samtala launa og reiknaðra hlunninda í reitum 3030 til 3100 er hærri en gjaldfærð laun í ársreikningi færast mismunurinn hér sem - (mínus) tala. Ef samtalan er lægri færast mismunurinn sem + (plús) tala.

3180 Eignfærð rekstrargjöld

Ef rekstrargjöld sem áður hafa verið færð í gjaldakafla eru eignfærð ber að leiðrétta það hér. Sömuleiðis ber einnig að leiðrétta það hér, ef áður eignfærður kostnaður kemur til gjalda. Hér er ekki átt við rekstrargjöld sem ber að eignfæra sem birgðir.

3190 Leiðrétting á kröfum og ábyrgðum m.t.t. ársreiknings

Hér skal færa þær afskriftir og niðurfærslur viðskiptakrafna og ábyrgða skv. ársreikningi, sem ekki uppfylla skilyrði skattalaga um sannanlega tapaðar kröfur, þ.m.t. afskriftir og niðurfærslur sem gerðar eru í varúðarsjónarmiði, og sem eiga því ekki að færast í reiti 2475 til 2505. Hér færast einnig leiðréttingar á slíkum áður færðum gjaldfærslum.

3290 Aðrar leiðréttingar rekstrargjalda m.t.t. ársreiknings

Þar sem fjárhæðin í reit 3990 á að vera samhljóða niðurstöðutölu rekstrar skv. ársreikningi, þá þarf að leiðrétta hugsanlegt misræmi á milli ársreikningsins og *RSK 1.04*. Hér koma því eingöngu færslur sem stafa af því að skattframtalið er öðruvísi uppbyggt og útfyllt en ársreikningurinn. Í þennan reit skal færa aðrar leiðréttingar rekstrargjalda en þegar hafa verið taldar upp í reitum 3170, 3180 og 3190 hér að framan, svo að tryggt sé að fjárhæðin í reit 3990 verði jöfn niðurstöðutölu rekstrar skv. ársreikningi. Ýmis annar kostnaður færast því ekki í þennan reit, heldur í reiti 2510 til 2530.

3590 Rekstrargjöld samtals

Hér færast samtala reita 2990 til 3290. Tekið skal tillit til formerkja í reitum. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

3600 Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld

Hér færast mismunur rekstrartekna samtals í reit 1090 og rekstrargjalda samtals í reit 3590. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, aðrar tekjur og önnur gjöld

Í þennan kafla skal færa allar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, óreglulegar tekjur og óregluleg gjöld o.fl.

| | | | |
|--|-----------------|------|-------------------|
| Vaxtatekjur og verðbætur | + | 3610 | Ófrádr |
| Gengismunur peningalegra eigna og skulda | * $\frac{+}{-}$ | 3620 | Óskatt |
| Arður af innlendum hlutabréfum | + | 3622 | Ófrádr |
| Arður af erlendum hlutabréfum | + | 3624 | Takmö vegna |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélag | * $\frac{+}{-}$ | 3626 | Frestur eftirgjaf |
| Söluhagnaður af hlutabréfum | + | 3632 | |

3610 Vaxtatekjur og verðbætur

Í þennan reit skal færa allar vaxtatekjur og verðbætur rekstrarins. Vaxtatekjur og verðbætur eru færðar án frádráttar fjármagnstekjuskatts. Gengishagnaður vegna erlendra gjaldmiðla færast í reit 3620.

3620 Gengismunur peningalegra eigna og skulda

Í þennan reit skal færa gengishagnað/gengistap (nettófjárhæð) af hvers konar eignum og/eða skuldum í erlendum gjaldmiðli. Gengishagnað skal færa sem + (plús) fjárhæð og gengistap sem - (mínus) fjárhæð.

3622 Arður af innlendum hlutabréfum

Í þennan reit skal færa arð af innlendra hlutafjäreign (hlutabréfum í innlendum félögum). Arðurinn færast án frádráttar fjármagnstekjuskatts. Hlutdeild í afkomu innlendra dóttur- eða hlutdeildarfélag færist í reit 3626.

3624 Arður af erlendum hlutabréfum

Í þennan reit skal færa arð af erlendra hlutafjäreign (hlutabréfum í erlendum félögum). Hlutdeild í afkomu erlendra dóttur- eða hlutdeildarfélag færist í reit 3626.

3626 Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélag

Í þennan reit skal færa hlutdeild framteljanda í tekjum/tapi af hlutdeildarfélögum og dótturfélögum, jafnt innlendum sem erlendum. Tekjur færast sem + (plús) fjárhæð en gjöld (þ.e. tap) færast sem - (mínus) fjárhæð.

Ef færsla tekna eða gjalda í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattsstofninn í reit 4350 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

3632 Söluhagnaður af hlutabréfum

Í þennan reit skal færa söluhagnað af hlutabréfum (innlendum og erlendum), ef slíkur söluhagnaður hefur ekki verið talið til óreglulegra tekna í ársreikningi (færast þá í reit 3670).

Ef færsla tekna í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattsstofninn í reit 4330 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

3634 Sölutap af hlutabréfum

Í þennan reit skal færa sölutap af hlutabréfum (innlendum og erlendum), ef slíkt sölutap hefur ekki verið talið til óreglulegra

| | | | |
|--|-----------------|------|---|
| Sölutap af hlutabréfum | - | 3634 | |
| Tekjur/gjöld af fjármálagerningum | * $\frac{+}{-}$ | 3637 | |
| Vaxtagjöld, verðbætur o.þ.h. | - | 3640 | |
| Niðurfærsla verðbréfaeignar | * $\frac{+}{-}$ | 3645 | |
| Tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda (ekki v. skilmálabreytinga) | + | 3665 | |
| Tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda (vegna skilmálabreytinga) | + | 3666 | |
| Óreglulegar tekjur | + | 3670 | |
| Óregluleg gjöld | - | 3671 | |
| Hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skattaðila | * $\frac{+}{-}$ | 3680 | |
| Tekjuskattur | * $\frac{+}{-}$ | 3690 | |
| Önnur gjöld | - | 3700 | |
| Hagnaður/tap skv. ársreikningi Samtala reita 3600 til 3700 | * | 3990 | = |

gjalda í ársreikningi (færast þá í reit 3671).

Ef færsla gjalda í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattsstofninn í reit 4330 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

3637 Tekjur/gjöld af fjármálagerningum

Í þennan reit skal færa ýmis konar tekjur/gjöld sem stafa af einhvers konar fjármálagerningum framteljanda. Hér getur t.d. verið um að ræða tekjur/tap af afleiðusamningum hvers konar, þ.á.m. hvers kyns framvirkum samningum, vaxtaskiptasamningum, öðrum skiptasamningum og valréttarsamningum. Einnig tekjur/tap vegna færslu eigna til gangvörðis eða óinnleystan gengishagnað af verðbréfum, svo eitthvað sé nefnt.

Tekjur færast sem + (plús) fjárhæð en gjöld (þ.e. tap) færast sem - (mínus) fjárhæð.

Ef færsla tekna eða gjalda í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattsstofninn í reitum 4390/4391 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

3640 Vaxtagjöld, verðbætur o.þ.h.

Í þennan reit skal færa allan vaxtakostnað og lántökukostnað rekstrarins (t.d. þinglýsinga- og stimpilkostnað). Hér gæti einnig átt að færa þjónustugjöld og innheimtukostnað banka og greiðslukortafyrirtækja (ef slíkur kostnaður er færður meðal fjármagnsliða í ársreikningi).

Gengistap vegna erlendra gjaldmiðla færast í reit 3620.

3645 Niðurfærsla verðbréfaeignar

Í þennan reit skal færa niðurfærslu verðbréfaeignar eða bakfærslu slíkrar niðurfærslu.

Tekjur færast sem + (plús) fjárhæð en gjöld færast sem - (mínus) fjárhæð.

Ef færsla tekna eða gjalda í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattsstofninn í reit 4386 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

3665 Tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda (ekki vegna skilmálabreytinga lána)

Í þessum reit skal halda sérstaklega utan um þær óreglulegu tekjur sem stafa af eftirgjöf skulda vegna rekstrar- og greiðsluferfiðleika framteljanda. Skv. bráðabirgðaákvæðum XXXVI og XLIV í skattalögum má takmarka eða fresta slíkri tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda, og er það gert í reitum 4165 og/eða 4167.

3666 Tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda (vegna skilmálabreytinga)

Hér skal færa lækkun skuldar sem stafar af breytingum á skilmálum í samningi um lán sem var með þeim hætti að endurgreiðsla miðast við íslenskar krónur í stað erlends gjaldmiðils. Hér skal einnig færa lækkun láns sem leiðir af breytingu sem gerð var á viðmiðunarvísitölu verðtryggðra lána, eða þegar hluti af uppreikningi höfuðstóls verðtryggðs láns var felldur niður.

3670 Óreglulegar tekjur

Hér skal færa óreglulegar tekjur, sem ekki skal sérstaklega færa annars staðar. Óreglulegar tekjur teljast hér þær tekjur sem ekki varða venjulegan rekstur og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig.

Hér færast söluhagnaður hlutabréfa, ef söluhagnaðurinn hefur verið talinn til óreglulegra tekna í ársreikningi.

Hagnað af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa í reit 1050 Söluhagnaður. Ef söluhagnaður hefur verið færður hér meðal óreglulegra tekna þarf að leiðrétta í reitum 1050 og 1070. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.

3671 Óregluleg gjöld

Hér skal færa óregluleg gjöld, sem ekki skal sérstaklega færa annars staðar. Óregluleg gjöld teljast hér þau gjöld sem ekki varða venjulegan rekstur og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig.

Hér færast sölutap hlutabréfa, ef sölutapið hefur verið talið til óreglulegra gjalda í ársreikningi.

Tap af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa í reit 3120 Sölutap. Ef sölutap hefur verið fært hér meðal óreglulegra gjalda þarf að leiðrétta í reitum 3120 og 3290. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.

3680 Hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skatt- aðila

Í þennan reit skal færa samanlagða hlutdeild framteljanda í hagnaði eða tapi af rekstri, sem rekinn er í samstarfi með öðrum og hefur sjálfstætt bókhald, en sem ekki ber sjálfstæða

skattskyldu. Hér er m.a. um að ræða rekstur hjá skráðu sameignarfélagi, sem ekki er sjálfstæður skattaðili sbr. 3. tl. 2. gr. skattalaga, rekstur hjá hvers konar óskráðu félagi, óformlegu samstarfi o.s.frv. Fjárhæðir þær sem hér eiga að færast koma fram í reitum 0720 á fyrstu blaðsíðu framtals hlutaðeigandi rekstrar. Hagnaður færast sem + (plús) fjárhæð og tap sem - (mínus) fjárhæð.

Sjá einnig kaflann *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25 og 26 varðandi það þegar færsla í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, en slíkt skal leiðrétta í reit 4100.

Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага færast ekki hér, heldur í reit 3626.

3690 Tekjuskattur

Í þennan reit skal færa tekjuskatt, sem reiknaður er og gjaldfærður í ársreikningi. Hér getur einnig verið um að ræða hækkun eða lækun tekjuskattsskuldbindingar, ef slík skuldbinding er færð í ársreikningi. Önnur opinber gjöld á að færa í reit 2530. Ekki er heimilt að draga tekjuskatt frá tekjuskattsstofni skv. skattalögum og þarf því að leiðrétta þetta í reit 4140.

3700 Önnur gjöld

Hér skal færa gjöld sem ekki geta fallið undir neinn af ofangreindum reitum.

Gert er ráð fyrir því að framteljendur reyni að finna sem allra flestum kostnaðarliðum stað í öðrum reitum, eftir því sem unnt er, og noti því reit 3700 sem minnst.

3990 Hagnaður/tap samkvæmt ársreikningi

Hér skal færa niðurstöðutölu úr reit 3600 að viðbættum eða frádrögnum fjármagnsliðum og öðrum liðum í reitum 3610 til 3700. Tekið skal tillit til formerkja í reitum. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Fjárhæð í þessum reit á að vera jöfn niðurstöðutölu rekstrar samkvæmt ársreikningi.

Bent skal á að fjárhæðin í reit 3990, að teknu tilliti til þeirra skattalegu leiðréttinga sem gerðar eru í reitum 4010 til 4600, flyst undantekningalaust í reit 4990.

Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir

Í þennan kafla skal færa þær leiðréttingar sem gera þarf þegar niðurstöðutala rekstrar samkvæmt ársreikningi (sbr. reitur 3990) er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Misræmi, sem leiðir af mun á reglum reikningshalds og skattalaga, þarf að leiðrétta til að ná fram réttri niðurstöðu í samræmi við skattalög. Einnig skulu hér færðir ýmsir tekjuliðir, sem einungis tengjast skattalögum, og frádráttarliðir, sem gjaldandi á rétt á skv. sömu lögum og vill nýta sér. Í öllum tilvikum skal reitur 4990 fylltur út.

4020 Skattaleg leiðrétting söluhagnaðar/sölutaps

Ef söluhagnaður/sölutap af varanlegum rekstrarfjármunum (öðrum en hlutabréfum) í ársreikningi er ekki í samræmi við skattalög skal þetta leiðrétt hér. Um er að ræða leiðréttingu á þeim söluhagnaði, sem færður hefur verið til tekna í reit 1050, og/eða því sölutapi, sem fært hefur verið til frádráttar tekjum í reit 3120 (sbr. fyrirmæli um þá reiti), þegar færslur í þessa reiti eru ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Lækkun söluhagnaðar eða hækkun sölutaps færist sem - (mínus) fjárhæð en hækkun söluhagnaðar eða lækkun sölutaps færist sem + (plús) fjárhæð.

4027 Frádráttur vegna söluhagnaðar hlutabréfa

Hér er færður til frádráttar frá tekjum söluhagnaður hlutabréfa og afleiðusamninga, sem heimilt er að draga frá skv. tölulið 9a í 31. gr. skattalaga.

4030 Frestun annars söluhagnaðar

Ef óskað er eftir að skattlagningu á söluhagnaði (öðrum en söluhagnaði hlutabréfa) verði frestað, færist sá hluti söluhagnaðar í þennan reit (en hann á að hafa verið færður til tekna á framtalinu).

4040 Söluhagnaður frá fyrri árum

Frestaður söluhagnaður frá fyrri árum, sem kemur til skattlagningar nú, færist í þennan reit.

4060 Skattaleg leiðrétting fyrninga

Ef fyrningar af varanlegum rekstrarfjármunum í reit 3130 eru ekki í samræmi við ákvæði skattalaga skulu þær leiðrétta hér. Lækkun fyrninga færist sem + (plús) fjárhæð, en hækkun fyrninga sem - (mínus) fjárhæð.

Eftir þessa leiðréttingarfærslu er samræmi milli nettó fjárhæða í reitum 3130 og 4060 annars vegar og fjárhæðar fyrninga í eignaskrá RSK 4.01 hins vegar.

4070 Aukafyrningar samkvæmt skattalögum

Hér eru færðar þær aukafyrningar, sem heimilaðar eru samkvæmt 14. gr. skattalaga.

4080 Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum

Þegar afskriftir og niðurfærslur á kröfum og ábyrgðum í ársreikningi uppfylla ekki skilyrði skattalaga um sannanlega tapaðar kröfur, skulu þær leiðrétta í þessum reit.

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).

| | | |
|--|-----|------|
| Önnur gjöld | - | 3700 |
| Hagnaður/tap skv. ársreikningi Samtala reita 3600 til 3700 * | = | 3990 |
| Skattaleg leiðrétting söluhagnaðar/sölutaps * | +/- | 4020 |
| Frádráttur vegna söluhagnaðar hlutabréfa | - | 4027 |
| Frestun annars söluhagnaðar | - | 4030 |
| Söluhagnaður frá fyrri árum | + | 4040 |
| Skattaleg leiðrétting fyrninga * | +/- | 4060 |
| Aukafyrningar skv. skattalögum | - | 4070 |
| Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum * | +/- | 4080 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna í upphafi reikningsárs skv. skattalögum | + | 4090 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok reikningsárs skv. skattalögum | - | 4091 |
| Niðurfærsla birgða í upphafi reikningsárs skv. skattalögum | + | 4092 |
| Niðurfærsla birgða í lok reikningsárs skv. skattalögum | - | 4093 |
| Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skattaðila * | +/- | 4100 |
| Fenginn arður til frádráttar | - | 4115 |
| Álag vegna frestaðs söluhagnaðar | + | 4130 |
| Ófrádráttarbær opinber gjöld * | +/- | 4140 |
| Óskattskyldar tekjur | - | 4150 |
| Ófrádráttarbær kostnaður | + | 4160 |
| Takmörkun tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda | - | 4165 |
| Frestun tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda | - | 4167 |

Aukning afskrifta og niðurfærslna færist sem - (mínus) fjárhæð en minnkun sem + (plús) fjárhæð. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

4090 Niðurfærsla viðskiptakrafna í upphafi reikningsárs skv. skattalögum

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla viðskiptakrafna og lánveitinga sem beint tengjast rekstrinum (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í upphafi reikningsárs, sem er sama fjárhæð og færð var til lækkunar eigna á framtali síðasta árs.

| | | | | | |
|---|-----|------|--|--|--------|
| Tekjufærsla gengishagnaðar vegna dreifingar frá fyrri árum | + | 4396 | Ónotað tap 2008 | Mikilvægt er að fyllt sé út í alla samtölureiti, s.s. reit 4990 | |
| Dreifing á gjaldfærslu 2/3 gengistaps | + | 4397 | Ónotað tap 2009 | | |
| Gjaldfærsla gengistaps vegna dreifingar frá fyrri árum | - | 4398 | Ónotað tap 2010 | | |
| Tekjufærsla vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum skv. 4.25 | + | 4399 | Ónotað tap 2011 | | |
| Aðrar leiðréttingar skv. framhaldsblaði | * ± | 4400 | Ónotað tap 2012 | | - 4600 |
| Ónotað tap 2004 | - | 4520 | Ónotað tap 2013 | | - 4610 |
| Ónotað tap 2005 | - | 4530 | Hreinar tekjur/yfirfæranlegt tap til næsta árs Samtala reita 3990 til 4610 * | | = 4990 |
| Ónotað tap 2006 | - | 4540 | | | |

4091 Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok reikningsárs skv. skattalögum

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla viðskiptakrafna og lánveitinga sem beint tengjast rekstrinum (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs.

4092 Niðurfærsla birgða í upphafi reikningsárs skv. skattalögum

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í upphafi reikningsárs, sem er sama fjárhæð og færð var til lækkunar eigna á framtali síðasta árs.

4093 Niðurfærsla birgða í lok reikningsárs skv. skattalögum

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 7105.

4100 Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skattaðila

Ef rekstrarafkoma ósjálfstæðra skattaðila, sem færð hefur verið í reit 3680, er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga skal gerð leiðrétting hér. Ef leiðréttingin er til lækkunar tekna, er mismunurinn færður sem + (plús) fjárhæð, en ef leiðréttingin er til lækkunar tekna er mismunurinn færður sem - (mínus) fjárhæð.

4115 Fenginn arður til frádráttar

Hér er færður til frádráttar tekjum sá móttækni arður sem félögum er heimilt að draga frá samkvæmt 9. tl. 31. gr. skattalaga. Einnig skal hér færa til frádráttar móttækinn arð lögaðila er greinir í 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skattalaga (sameignarfélög o.fl.) til lækkunar á tekjum sem fara í almennt skattþrep skv. reit 4990 þar sem arður sameignarfélaga skattleggst í 20% skattþrepi skv. reit 0970.

Hér skal ekki færa arð og tillög í stofnsjóð sem samvinnufélögum er heimilt að draga frá skv. 10. tl. 31. gr. sömu laga. Ekki skal heldur færa í þennan reit fjárhæð þá sem samlög eða samtök þau sem nefnd eru í 4. tl. 1. mgr. 2. gr. skattalaga greiða félagsaðilum sínum í árslok í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, sbr. 11. tl. 31. gr. sömu laga. Slíkan arð skal færa í reit 4391. Fenginn arð skal tekjufæra í reitum 3622 og/eða 3624.

4130 Álag vegna frestaðs söluhagnaðar

Hér skal færa álag á frestaðan söluhagnað (sbr. reit 4040).

4140 Ófrádráttarbær opinber gjöld

Hafi í reit 3690 verið færð til frádráttar opinber gjöld sem ekki eru frádráttarbær samkvæmt skattalögum, skal leiðrétta það hér. Þau opinberu gjöld sem hér um ræðir eru tekjuskattur.

4150 Óskattskyldar tekjur

Hafi í ársreikningi verið færðar tekjur sem ekki eru tekjur samkvæmt skattalögum, skal leiðrétta það hér. Hér eru þær tekjur bakfærðar, til þess að ná fram réttum tekjuskattsstofni. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

4160 Ófrádráttarbær kostnaður

Hafi í ársreikningi verið færður kostnaður sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum, skal leiðrétta það hér. Hér er sá kostnaður bakfærður, til þess að ná fram réttum tekjuskattsstofni skv. skattalögum. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

4165 og 4167 Takmörkun/frestun tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda

Í þessa reiti skal færa þá takmörkun eða frestun á tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika framteljanda (sem færa skal í reit 3665), sem heimiluð er í bráða-birgðaákvæðum XXXVI og XLIV í skattalögum. Skilyrði fyrir heimild til frestunar tekjufærslu á grundvelli bráðabirgðaákvæðis XLIV, í reit 4167, er að allir fyrmingarmöguleikar framteljanda hafi verið fullnýttir.

Aðrar leiðréttingar skv. reitum 4310-4399

Í þessa reiti eru færðar leiðréttingar, aðrar en þær sem færðar hafa verið í reiti 4010 til 4160 og gerðar eru til að færa hagnað eða tap samkvæmt ársreikningi til réttis tekjuskattsstofns samkvæmt skattalögum.

Fjárhæðir sem hækka stofn til tekjuskatts frá því sem er í ársreikningi færast sem + (plús) fjárhæðir, en fjárhæðir sem lækka stofn til tekjuskatts færast sem - (mínus) fjárhæðir.

Það ber að athuga að þessir reitir eru einungis til staðar á tölvutæku framtalsformi og á framhaldsblaði RSK 4.14. Sé framtali skilað á pappír (en ekki í tölvutækum skilum) ber að færa samtölu reita 4310 til 4391 í reit 4400 á RSK 1.04. **Í þeim tilfellum verður því að skila framhaldsblaðinu með framtalinu.**

4310 Skattaleg leiðrétting vegna greiddra eftirlauna

Ef færðar eru eftirlaunaskuldbindingar í ársreikningi, skal færa eftirlaun sem bar að greiða á rekstrarárinu hér.

4320 Skattaleg leiðrétting vegna eftirlauna-skuldbindinga

Eftirlaunaskuldbinding, sem stofnað er til á árinu, og vextir og verðbætur á eftirlaunaskuldbindingu færast hér. Hér eru einnig færðar breytingar sem orðið hafa á eftirlaunaskuldbindingum á árinu, aðrar en vegna eftirlauna sem greiða bar út á rekstrarárinu og færa ber í reit 4310.

4330 Skattaleg leiðrétting á söluhagnaði/sölutapi hlutabréfa

Ef söluhagnaður eða sölutap af hlutabréfum í ársreikningi er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga skal leiðrétta það hér. Lækkun söluhagnaðar eða hækkun sölutaps er færð sem - (mínus) fjárhæð en hækkun söluhagnaðar eða lækkun sölutaps er færð sem + (plús) fjárhæð.

4340 Skattaleg leiðrétting vegna fjármögnunar-leigugreiðslna

Hafi fjármögnunarleigusamningur verið færður til skuldar og fjármögnunarleiguhlutur færður til eignar er leiðrétting gerð í þessum reit. Mismunur á fjármögnunarleigugreiðslum og gjaldfærðum vaxtagjöldum, verðbótum og gengismun vegna samnings er því færður hér.

4350 Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna/dótturfélaga

Ef hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildar- eða dótturfélaga, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, er færð til tekna eða gjalda í ársreikningi er hagnaðurinn eða tapið bakfært hér. Athugið að leiðrétting á hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra rekstraraðila færast í reit 4100.

4360 Skattaleg leiðrétting á áfangainnlausn tekna

Byggist færslur í ársreikningi á áfangainnlausn tekna en skattskil eru byggð á verklokkaðferð og verki er ólokið, þá er áfangainnlausn tekna leiðrétta hér.

4370 Skattaleg leiðrétting vegna verklokkaðferðar

Byggist færslur í ársreikningi á áfangainnlausn tekna en skattskil eru byggð á verklokkaðferð og verki er lokið, þá er mismunur á heildartekjum af verkinu og áfangainnlausn tekna skv. ársreikningi færður hér.

4380 Bakfærð verðleiðrétting skattskuldbindingar

Ef verðbótubreyting skattskuldbindingar er færð meðal vaxtaliða í ársreikningi er bakfærsla færð hér.

4382 Skattaleg leiðrétting vegna samsköttunar

Ef um er að ræða leiðréttingafærslur vegna samsköttunar framteljanda með öðru félagi (tilfærslu hagnaðar/taps til annars félags eða frá öðru félagi vegna samsköttunar), skulu þær færslur færðar í þennan reit. Upplýsingar um hvert hitt félagið er skal færa sem skýringu í **sundurliðunartöflu**.

4384 Skattaleg leiðrétting vegna sameiningar/samruna

Ef um er að ræða leiðréttingafærslur vegna sameiningar/samruna framteljanda við annað félag, skulu þær færslur færðar í þennan reit. Upplýsingar um hvert hitt félagið er skal færa sem skýringu í **sundurliðunartöflu**.

4386 Skattalegar leiðréttingar sem tengjast hlutabréfa- og/eða verðbréfaeign

Ef um er að ræða leiðréttingafærslur sem tengjast hlutabréfa- og/eða verðbréfaeign framteljanda, skulu þær færslur færðar í þennan reit. Hér getur t.d. verið um að ræða leiðréttingafærslur

vegna gengismunar hlutabréfaeignar eða niðurfærslu á hlutabréfaeign eða breytinga á matsverði hlutabréfa (eða annarra verðbréfa).

4390 Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti (hækkun)

Hér skal færa aðrar leiðréttingar á hagnaði eða tapi skv. ársreikningi til hagnaðar eða taps skv. skattalögum. Um er að ræða aðrar leiðréttingar en þær sem falla undir reiti 4310 til 4386 eða reiti 4010 til 4160, þegar niðurstöður ársreiknings eru ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Hér færast þær leiðréttingar sem **hækka** tekjuskattsstofn. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

4391 Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti (lækkun)

Hér skal færa aðrar leiðréttingar á hagnaði eða tapi skv. ársreikningi til hagnaðar eða taps skv. skattalögum. Um er að ræða aðrar leiðréttingar en þær sem falla undir reiti 4310 til 4386 eða reiti 4010 til 4160, þegar niðurstöður ársreiknings eru ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Hér færast þær leiðréttingar sem **lækka** tekjuskattsstofn. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

4395 Dreifing á tekjufærslu 2/3 gengishagnaðar

Hér færast til frádráttar frá tekjum 2/3 af fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap rekstrarársins 2014, í samræmi við ákvæði 5. tölul. 8. gr. skattalaga.

4396 Tekjufærsla gengishagnaðar vegna dreifingar frá fyrri árum

Hér færast bakfærsla (tekjufærsla) áður frestaðs gengishagnaðar, í samræmi við ákvæði 5. tölul. 8. gr. skattalaga.

4397 Dreifing á gjaldfærslu 2/3 gengistaps

Hér færast til frádráttar frá gjöldum 2/3 af fjárhæð gengistaps umfram gengishagnað rekstrarársins 2014, í samræmi við ákvæði 4. tl. 49. gr. skattalaga.

4398 Gjaldfærsla gengistaps vegna dreifingar frá fyrri árum

Hér færast bakfærsla (gjaldfærsla) áður frestaðs gengistaps, í samræmi við ákvæði 4. tl. 49. gr. skattalaga.

4399 Tekjufærsla vegna erlends eignarhalds á lágs-kattasvæðum

Í þennan reit skal færa þá tekjufærslu sem stafar af eignarhaldi framteljanda í erlendum félögum á lágs-kattasvæðum, sbr. umfjöllun í 57. gr. a. í skattalögum. Gera skal nánari grein fyrir þessari tekjufærslu á eyðublaði RSK 4.25 með framtalinu.

4520 - 4610 Ónotuð rekstartöp frá fyrri árum

Hér skal færa ónotuð rekstartöp fyrri ára, sbr. 8. tl. 31. gr. skattalaga, sundurliðuð í viðeigandi reiti eftir árum.

4990 Hreinar tekjur/yfirfæranlegt tap til næsta árs

Hér kemur niðurstöðutala rekstrarins til skatts. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki. Jákvæða niðurstöðutölu í þessum reit (þ.e. ef tekjur eru hærri en gjöld) á að flytja í reit 0900 Hreinar tekjur en neikvæða niðurstöðutölu (þ.e. ef gjöld eru hærri en tekjur) á að flytja, án mínusformerkisins, í reit 0910 Yfirfæranlegt tap til næsta árs á fyrstu síðu framtalsins.